



Reykjavík, 26. janúar 2022

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík
Verknúmer: 4353235

Athugasemdir við leiðbeiningar Orkustofnunar

Eftirfarandi eru athugasemdir Orku heimilanna við bréfi Orkustofnunar frá 6. janúar 2022 þar sem óskað er eftir athugasemdum við nýjum leiðbeiningum um notendaskipti almennra notenda á neysluveitum hjá dreifiveitum og vali á sölufyrirtæki raforku til þrautavara.

Formáli

Orka heimilanna hóf starfsemi í upphafi árs 2018 og komu fljótlega í ljós miklir annmarkar á því hvernig aðilar á raforkumarkaði störfuðu. Helstu annmarkarnir voru að dreifiveitur settu alla raforkukaupendur í viðskipti við fyrirfram valið sölufyrirtæki sem oft var í eignartengslum við dreifiveituna. Einnig hafa samkeppnisaðilar okkar hunsað skildu sína til að gera samning við viðskiptavini eins og skýrt er kveðið á um í lögum og reglugerðum. Við gerðum strax athugasemd við þetta bæði hjá Orkustofnun og Samkeppniseftirlitinu og nú eru að verða liðin fjögur ár síðan. Þrátt fyrir þennan langa tíma og fjölmarga fundi, athugasemdir og pósta hefur lítið verið aðhafst og við bíðum enn eftir úrlausn þessara mála.

Við viljum að það komi skýrt fram að það er skoðun okkar að raforkulög 65/2003, reglugerð 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga og 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar, tóku mjög vel á öllum álitamálum er varða söluaðilaskipti og notendaskipti. Vandamál sem aðilar á raforkumarkaði töldu vera vegna þessara reglna teljum við að hafi aðeins verið afsökun til að reyna að verja lögbrot dreifiveitna og raforkusölufyrirtækja. Við teljum að breyting á reglugerð 1150/2019 hafi verið gerð til að leysa vandamál sem ekki var til staða. Að okkar álitni var vandamálið aldrei lögin né eldir reglugerð, heldur sú staðreynd að hvorki dreifiveitur né söluaðilar fóru eftir þeim. Eftirlit Orkustofnunar virðist hafa verið í skötulíki þrátt fyrir að brot á lögum og reglugerðum hafi verið öllum ljós og staðið í langan tíma. Þannig hafa allar breytingar sem gerðar hafa verið á þessum reglum verið til hins verra og farið gegn hagsmunum neytenda og heimilanna í landinu. Þær breytingar sem nú eru fyrirhugaðar gera vondar reglur enn verri og enn er farið gróflega gegn hagsmunum neytenda. Það er okkar skoðun að farsælast sé að taka upp eldri reglugerð aftur og snúa ofan af þessari tilraun sem hefur mistekist hrapalega.

Reynslan af söluaðila til þrautavara

Allt frá upphafi höfum við varað við þeirri aðferðafræði sem kom fram í nýrri reglugerð 1150/2019, þar sem lagt var til að raforkukaupendur sem ekki veldu sér raforkusöluaðila innan tilskilins frests skyldu settir í viðskipti við söluaðila til þrautavara. Það sem við bentum á var:

Það að setja raforkukaupanda í viðskipti við aðila til þrautavara eftir tiltekinn tíma er ekki til þess fallið að hvetja kaupendur til að velja sér söluaðila. En samkvæmt raforkulögum er það útgangspunktur að allir raforkukaupendur geri samning við raforkusölufyrirtæki. Með því að gera samning eru viðskiptavinir meðvitaðir um raforkukaup sín og stuðlar það að aukinni samkeppni á milli aðila.

Það að velja það sölufyrirtæki til þrautavara sem býður lágsta verð í sex mánuði á undan stuðlar að óeðlilegri samkeppni þar sem fyrirtæki fara í verðstríð og bjóða óeðlilega lág verð í þeim tilgangi að reyna að fá að vera söluaðili til þrautavara. Þannig er ávinningur af því að fá að vera söluaðili til þrautavara mikill og réttlætir undirboð.

Það að velja sölufyrirtæki með lágsta verðið tryggir ekki að viðskiptavinir njóti lágsta verðs þar sölufyrirtæki getur hækkað verðskrá sína daginn sem það byrjar að fá aðila í sjálfgefin söluaðilaskipti. Sölufyrirtækið kæmi einnig til með að halda áfram að fá aðila í sjálfgefin söluaðilaskipti í sex mánuði óháð verðskrá.

Þó að sölufyrirtæki bjóði lágsta verðið er því ekki skylt að gerast söluaðili til þrautavara. Fyrirtæki með lágsta verðið getur ávallt hafnað því að gerast söluaðili til þrautavara, hvort sem það gerir það strax eða á síðari tímum.

Þegar horft er til baka hafa okkar verstu áhyggjur af þessu fyrirkomulagi raungerst og gott betur. Við höfðum áhyggjur af þessari framkvæmd en höfðum ekki hugmyndaflug til að sjá fyrir alla möguleika til að misnota þetta kerfi. Frá upphafi hefur aðeins eitt raforkusölufyrirtæki verið raforkusali til þrautavara en það er N1 Rafmagn.

Áhyggjur okkar af óeðlilegri samkeppni raungerðist í sumar þar sem fyrirtæki hófu að lækka verð í þeim tilgangi að reyna að verða söluaðili til þrautavara. Þannig kross lækkuðu fyrirtæki verð á rafmagni. Það virðist hafa náð jafnvægi nú í 6,44 kr á kWst. Þessi verð staðfesta áhyggjur okkar um óeðlilega samkeppni. Í dag teljum við ljóst að þessi fyrirtæki eru að selja rafmagnið undir kostnaðarverði. Verð frá Landsvirkjun eru í dag ca. 6,85 kr fyrir grunnorku og 10-20 kr á kWst fyrir breytilega orku.

Við höfum lesið um það í fjölmiðlun að N1 Rafmagn rukki viðskiptvini sína sem hafa verið sendir þeim sem söluaðili til þrautavara mun hærra verð en þeir birta. Það er eitt að hækka verðskrá sína eftir að hafa verið valið sölufyrirtæki til þrautavara. En það að vera með annað verð fyrir þá sem eru settir í viðskipti við þá er gríðarlega ósvífið og undrumst við að fyrirtæki sem er

að stórum hluta í eigu lífeyrissjóða hagi sér með þessum hætti. Einnig er um lögbrot að ræða þar sem öllum ber skilda til að afhenda vörur á auglýstu verði. Það sem er enn alvarlegra í þessu er að svo virðist sem að Orkustofnun hafi vitað af þessari háttsemi N1 Rafmagns og hafi ekkert aðhafst og haldið áfram að velja N1 Rafmagn sem söluaðila til þrautavara.

Það er ljóst að hafi innkaupsverð á rafmagni verið of hátt til að N1 Rafmagn gæti treyst sér til að útvega aðilum til þrautavara rafmagn þá hefðu þeir getað hækkað almenna verðskrá sína til að mæta auknum kostnaði. Einnig hefði N1 Rafmagn geta óskað eftir því að hætta sem söluaðili til þrautavara. Afsakanir N1 Rafmagns eru því í engum takti við raunveruleikann og virðast vera til þess fallnar að villa um fyrir neytendum.

Varðandi þá ólöglegu hegðun N1 Rafmagns að rukka viðskiptavinum sínum herra verð en þeir auglýsa þá hvetjum við þau félög (Neytendasamtökin og ASÍ), sem gefa sig út fyrir að standa vörð um hagsmunum neytenda, að sjá til þess að gert verði upp við alla viðskiptavinum N1 Rafmagns frá þeim tíma sem þessar ofrukkanir hófust.

Eins og hér fyrir ofan er lýst þá hefur tilraun Ráðuneytisins og Orkustofnunnar með söluaðila til þrautavara gjörsamlega mistekist. Það sem er verra er að þetta var allt fyrirsjáanlegt.

Athugasemdir vegna fyrirhugaðra breytinga á leiðbeiningum

Eins og fram hefur komið teljum við að fyrirhugaðar breytingar geri vondar reglur enn verri. Við söknum þess að Orkustofnun hafi ekki gert tilraun til að rökstyðja þær breytingar sem nú liggja fyrir. Það hefði auðveldað okkur að sjá hvaða ávinning Orkustofnun telur nást með þessum breytingum. Hér fyrir neðan munum við fjalla um einstök atriði:

Í lið 1 undir sölufyrirtæki til þrautavara segir „Heildarkostnaður er reiknaður út frá fjögurra mánaða meðalkostnaði á birtu raforkuverði til heimila,...“. Við teljum þetta nokkuð ónákvæmt orðalag miðað við reynsluna þar sem N1 Rafmagn hefur komist upp með að rukka allt annað verð til aðila sem hafa farið í viðskipti við þá í gegnum söluaðila til þrautavara. Einnig er möguleiki á að sölufyrirtæki komi til með að bjóða marga taxta. Hvaða taxti á þá að gilda, sá lægsti?

Í lið 7 undir sölufyrirtæki til þrautavara segir „Sölufyrirtæki til þrautavara skal bjóða viðskiptavininum sem settir eru í viðskipti til sölufyrirtækis til þrautavara, samning um kaup á raforku innan mánaðar eftir að þrautavaraviðskiptin hófust. Fram að þeim tíma sem slíkur samningur er gerður, er sölufyrirtæki til þrautavara heimilt að rukka þessa viðskiptavinum um birt raforkuverð eins og það birt almennum viðskiptavinum á markaði á hverjum tíma.“ Við teljum þennan lið vera mjög slæman í heild sinni og fara harkalega gegn hagsmunum neytenda. Þessi liður er algjörlega óþarfur og bætir engu við til að skýra aðkomu raforkusala til þrautavara. Aftur á móti er þessi liður til þess fallinn að draga úr réttindum neytenda sem þeir hafa í gegnum raforkulög og reglugerðir. Það að söluaðili hafi mánuð til að bjóða aðila sem kemur í viðskipti raforkusölusamning þykir okkur vera til þess fallið að draga úr skildu raforkusala til að gera samning við raforkukaupendur. Með því að nota orðið „bjóða“ í stað

Þess að segja „gera“ er verið að ýja að því að raforkusala sé ekki skylt að gera samning við raforkukaupendur. En það er andstætt lögum.

Seinna í sama lið er svo tekið fram að söluaðili til þrautavara hafi heimild til að rukka viðskiptavinum sem koma til þeirra í gegnum söluaðila til þrautavara um birt raforkuverð eins og það birtist almennum viðskiptavinum á markaði á hverjum tíma. Þessi setning gengur gegn þeirri reglu að fyrirtæki ber að rukka aðila um auglýst verð. Með því að setja orðið „heimilt“ í þessa setningu er verið grafa undan skildu raforkusöluþyrtingu að rukka auglýst verð. Þarna ætti að standa, söluaðila til þrautavara er skylt að rukka viðskiptavinum um lægsta auglýsta verð.


Eins og þetta lítur út fyrir okkur er Orkustofnun með afturvirkum hætti að réttlæta lögprot N1 Rafmagns. Fram hefur komið að N1 Rafmagn rukki viðskiptavinum sem koma í viðskiptum í gegnum raforkukaupanda til þrautavara annað og mun hærra verð en er auglýst og birt. Þannig virðist Orkustofnun vera að reyna að gera ólöglega háttsemi löglega með því að setja inn „...söluþyrtingu til þrautavara heimilt...“ í leiðbeiningar sínar. Í þessu samhengi mætti ætla að orðið „heimilt“ þýddi að ekki sé skylda að rukka viðskiptavinum um auglýst verð. En það stenst ekki skoðun því öllum aðilum í viðskiptum er skylt að rukka það verð sem þeir auglýsa.

Lokaorð

Það er okkar skoðun að það ferli við notendaskipt að setja alla þá sem ekki gera samning við söluaðila í viðskiptum við söluaðila til þrautavara sé stór gallað og eina leiðin til að gera þetta á réttan og sanngjarnan hátt er að snúa ofan af þessu og að taka aftur upp reglur eins og þær voru fyrir breytingar sem komu með reglugerð 1150/2019. Einnig þarf Orkustofnun að sinna hlutverki sínu og stunda virkt eftirlit með raforkumarkaðinum. Því að með aðgerðarleysi stuðla eftirlitsstofnanir að því að freisting til lögbrotu verður mikil, og enn meiri þegar refsing af lögbrotum er minni en ágóðinn af völdum lögbrotanna.

Við erum ávallt reiðubúin að skýra mál okkar og veita ráðgjöf og umsögn sé eftir því leitað.

Virðingarfyllt,
Orka heimilanna



Bjarni Ingvar Jóhannsson
Framkvæmdastjóri



Loftur Már Sigurðsson
Sérfræðingur raforkuviðskipt